

2. Skólaráðsfundur

22. Mars 2021

Mættir: Sigríður Lára Guðmundsson, Eyrún Jóna Reynisdóttir, Sigurbjörg Friðriksdóttir, Katrín Rós Sigvaldadóttir, Birna Sólrún Andrésdóttir, Ólafur Vignir Jónsson og Anton Teitur Ottesen.

Fjarverandi: Berglind Ó. Jóhannesdóttir, Elmar Snorrason, Sigurður Arnar Sölvason, Sigríður Vilhjálmsdóttir.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
 - a. Liður 6. Ábendingar Skólaráðs: Búið er að skipta um fjalir á pallinum í Heiðarskóla. Tekin var ákvörðun um að fá ekki dótakistu. Búið að laga spýtu. Skýjaborg fékk pening í fjárhagsáætlun fyrir ipad – ekki búið að kaupa þá.
 - b. Liður 9. Önnur mál, húfunotkun: Tekin var umræða um húfuregluna og hún afnumin.
2. Skóladagatal Heiðarskóla 2021-2022: Samþykkt.
3. Skóladagatal Skýjaborgar 2021-2022: Samþykkt.
4. Rekstur Heiðarskóla 2020 – kynning.
5. Rekstur Skýjaborgar 2020 – kynning.
6. Aukafjármagn sem sótt var um fyrir fjárhagsárið 2021. Farið yfir það aukafjármagn sem sótt var um og fengið.
7. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til Skólaráðs dagsett 8. janúar 2021. Óskað staðfestingar á að vinnu samkvæmt umbótaáætlun Grunnskóla Hvalfjarðarsveitar (Heiðarskóla) sé lokið. Skólastjórn og sveitarfélag á að senda staðfestingu. Búið er að senda gögn um að vinnu sé lokið til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.